

Borgarráð

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi

Á fundi borgarstjórnar þann 1. september 2020 var samþykkt hjálögð tillaga, dags. 1. september 2020, um nýtingu á heimildum til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi.

Til og með 3. nóvember 2020 verður heimilt að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða samkvæmt B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og annarra nefnda samkvæmt B-lið 64. gr. samþykktarinnar, eftir því sem við á. Notkun fjarfundabúnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við ákvæði í leiðbeiningum um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013 og verklagsreglum um fjarfundi, þó þannig að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað eins og fram kemur í 5. gr. leiðbeininganna.

Vakin er sérstök athygli á því að gert verður ráð fyrir að kjörnir fulltrúar mæti að meginstefnu til á fundi ráða og nefnda á tímabilinu en áfram verði kostur á að taka sæti í fjarfundi fyrir þá sem kjósa að halda tveggja metra fjarlægð.

Það tilkynnist hér með.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, dags. 1. september 2020.

Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013.